

Verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs

Þessar verklagsreglur eiga við um starfsmenn sem vinna við meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorphirða, flutningur, flokkun og förgun.

Verklagsreglurnar taka gildi á hættustigi.

Nánari upplýsingar um smitvarnir má finna á heimasíðu Landlæknis og hjá eftirlitsaðilum viðkomandi rekstraraðila.

Notkun persónuhlífa

Nota skal persónuhlífar við meðhöndlun úrgangs eftir því sem við á. Viðeigandi persónuhlífar eru t.d.:

- Einnota hanskar
- Einnota hlífðarfatnaður, t.d. einnota vinnugallar.
- Fjölnota hlífðarfatnaður (utanyfirgalli)
- Fjölnota hlífðarhanskar

Meðhöndlun úrgangs

Starfsmenn skulu af fremsta megni gæta varúðar við meðhöndlun úrgangs.

Allir starfsmenn skulu hafa aðgang að handspritti hvort sem er í fastri starfstöð eða sorpbíl.

- Starfsmenn skulu klæðast vinnuhönskum þegar farið er inn eða út úr sorpbíl. Hanskar skulu vera vatnsheldir en einnig má klæðast einnota hönskum undir vinnuhönskum. Líta skal á alla hanska sem mengaða/óhreina.
- Sorpílát skulu ekki opnuð heldur flutt beint í sorphirðubíla.
- Forðist að snerta sorp.
- Forðist snertingu við augu, nef og munn. Berið ekki hendur að andliti án þess að þvo og sótthreinsa áður, þetta á við hvort sem unnið er við meðhöndlun úrgangs, fyrir neyslu matar og drykkja, reykingar og veip o.þ.h.

Frágangur að lokinni meðhöndlun úrgangs

- Einnota persónuhlífar fjarlægðar og settar í poka til förgunar.
- Ef notaðar eru fjölnota persónuhlífar skal þrífa þær og sótthreinsa eftir notkun.
- Forðist að snerta ytra byrði vinnuhanska og hlífðarfatnaðar með berum höndum.
- **Mikilvægt er að þvo og sótthreinsa hendur reglulega, að loknum frágangi og eftir að farið er úr hlífðarfatnaði**
- Sótthreinsa skal álagsfleti í sorpbílum og á móttökustöðvum eftir því sem við á.

Útgáfa: 6. mars 2020